

**Stjórnarráð Íslands, I. skrifstofa.**

B/56, örsk 10.

Til landsskjalavarðar

19. apríl 1913.

Jafnframt því að senda yður, herra landsskjalavörður, endurrit af bréfi skrifstofustjóra J. Krabbe dags. 18. júní 1910 er yður hjer með sendur til geymslu í Landsskjalasafninu fyrst um sinn meðfylgjandi skjalaböggul, er hefur inni að halda öll plögg viðvíkjandi búi Jóns Sigurðssonar, er finnast í skjalasafni skiptarjettarins í Kaupmannahöfn.

Fyrir móttöku skjalabögguls þessa óskast viðurkenning.

F.h.r.

Landsskjalasafn

Reykavík 22. Apríl 1913.

Með bréfi hins háa Stjórnarráðs frá 19. Þ.m. hefi ég meðtekið skjalaböggul, er hefur inni að halda plögg viðvíkjandi búi Jóns Sigurðssonar, er finnast í skjalasafni skiptaréttarins í Kaupmannahöfn, og leggur Stjórnarráðið svo fyrir að böggull þessi skuli fyrst um sinn geymast í Landsskjalasafninu.

Eftir þessum fyrirmælum Stjórnarráðsins er böggull þessi tekinn hér til geymslu.

Jón Þorkelsson

Til Stjórnarráðsins

Íslands stjórnarráðs skrifstofa í Kaupmannahöfn

18. júní 1910.

Út af þingsályktunartillögu þeirri viðvíkjandi skjölum úr dánarbúi Jóns Sigurðssonar, er hjer með endursendist, hef jeg rannsakað skjölin í skjalasafni skiftanefndarinnar og skrifaði jeg henni síðan brjef það, dags. 25. apríl þ.á., er hjer með fylgir í eftirriti.

Þá er skiftanefndin hafði svarað með hjálögðu brjefi, átti jeg tal við hana um málið og fjekk síðan hjálagðan skjalaböggul að láni handa stjórnarráðinu. Eru þar öll plögg viðvíkjandi búi Jóns Sigurðssonar, þau er finnast í skjalasafni skiftarjettarins.

Með tilliti til skjala dánarbúsins skal sjerstaklega bent á skýrslu þá, er stendur í reikningi, dags. 25. apríl 1881, eftirritið af skrásetningargerð, dags. 22. desember 1879, og endurskoðunargerð þeirra F. Lauritzens og F. Baadegaards yfir skjölin, dags. 21. janúar 1880.

Af skjölum þessum, er öll finnast í böggulnum má sjá, að skiftarjetturinn hefur farið með skjöl dánarbúsins á venjulegan hátt. Aðferðin er sú, að þegar skrásetnin<g> hefur farið fram að viðstöddum nánustu vandamönnum hins látna (í þetta skifti Tr. Gunnarsson og Björn Jensson) eru öll skjölin sett undir innsigli. Því næst fer fram svonefnd endurskoðunargerð að þeim viðstöddum, er í henni vilja taka þátt (í þetta sinn Tr. Gunnarsson). Eru þau skjöl þá tekin frá, er verðmæt eru eða eitthvert gildi hafa fyrir búið, en afgangurinn, óverðmæt skjöl,

brjef, reikningar o.fl. er innsiglaður að nýju og afhendist síðar erfingjum búsins. En líði mörg ár svo, að skjalanna sje eigi krafist, eru þau eyðilögð eða seld til umbúða.

Skjöl þau, er tekin voru frá við skrásetningar- og endurskoðunargerðina eru sumpart í hjálögðum böggli, en sumpart er gerð grein fyrir þeim í reikningnum.

Þau skjöl, er einskis virði voru talin við endurskoðunargerðina og innsigluð voru að nýju, eru nú löngu seld til umbúða, sbr. framangreint brjef skiftanefndarinnar.

Jón Krabbe

Til stjórnarráðs Íslands.

Til landsbókavardarins  
12. sept. 1910

Út af þingsályktun neðri deildar alþingis 1909 viðvíkjandi skjölum úr dánarbúi Jóns Sigurðssonar hefur stjr. fengið hjálagðan skjalaböggul að láni hjá skiptanefndinni í Kaupmannahöfn, og eru þar öll plögg viðvíkjandi búi Jóns Sigurðssonar, er finnast í skjalasafni skiptarjettarins.

Með tilliti til skjala þessara skal sjerstaklega bent á skýrslu þá, er stendur í reikningi dags. 25. apríl 1881, eftirritið af skrásetningargjörð dags. 22. desbr. 1879 og endurskoðunargerð þeirra F. Lauritzens og F. Baadegaards yfir skjölin, dags. 21. jan. 1880.

Jafnframt því að tjá yður þetta, herra landsbókavörður og senda yður umræddan skjalapakka til rannsóknar væntir stjr. þess að fá kvittun yðar fyrir móttöku skjalanna og ber að endursenda þau er stjr. gefur yður vísbendingu þar um.  
F.h.r.

Den kgl. Landsover- samt Hof- og Stadsrets Skifte-Commission.

Kjøbenhavn, den 30. Mai 1910.

I Anledning af Deres h.h.  
Skrivelse af 25 April d.A. skal  
man anmelde, at da „Revisionspa-  
pirer“, som i Tid vare tilstede  
i denne i 1879 afdøde Jon Sigurdsons  
Dødsbo, efter at være gennemseete  
af vedkommende Archiv og erklerede  
uden Interesse, samtlige i sin  
Tid ud sendte til „Papirmøllen“.  
Her beroer nu kun to  
Pakker hørende til Regenskabet i  
Boet; denne har Hr Contorchef  
Krabbe – snarest jeg mindes –  
mundlig erklert, at dem allerede  
ham afhent

J Meyer

Hér með viðurkennist, að ég hef í dag veitt móttöku á Landsbókasafnið frá Stjórnarráði Íslands skjalaböggli þeim með skjölum úr dánarbúi Jóns Sigurðssonar, er Stjórnarráðið hefur fengið að láni hjá skiftanefndinni í Kaupmannahöfn, og verður böggull þessi endursendur Stjórnarráðinu innan skamms.

Landsbókas. 13. d. sept. 1910  
Jón Jakobsson

Til Stjórnarráðs Íslands

Eftirrit

Islands Ministeriums Kontor i København,  
den 25. April 1910.

Efter derom paa sidste Alting fremsat Ønske vilde Islands Ministerium sætte Pris paa at Kunne faa Lejlighed til at gennemgaa de Papirer m.v. som blev forefundne af Skifte Kommissionen i Boet efter den 7. December 1879 i København afdøde Altingsmand Arkivar Jon Sigurdsson og hans nogle Dage senere afdøde Hustru, idet det formenes, at der blandt de efterladte Papirer kan have været Oplysninger af historisk Interesse, der ikke er blevne tillagt Betydning under Skiftebehandlingen.

Man skulde i den Anledning forespørge, om de Skiftebehandlingen vedrørende Papirer, Regnskaber m.v., herunder navnlig ogsaa de under Revisionsforretningen forefundne Papirer, som ikke fandtes at være af Betydning for Bobehandlingen, kunne blive Islands Ministerium udlaante til Gennemgang.

Jon Krabbe

Til Den kgl. Landsover- samt Hof- og Stadsrets Skiftekommissions Arkiv

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda yður, hæstvirti ráðherra, hjálagða þingsályktun eins og hún var samþykkt í Neðri í Deild í gær.

Neðri Deild Alþingis 16. marz 1909.

Hannes Þorsteinsson

/Bjarni Jónsson frá Vogu

Til Ráðherra Íslands.

Þingsályktun.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að grenslast eftir því, hvort skiftaréttur Kaupmannahafnar hafi, að þeim hjónum Jóni skjalaverði og alþingismanni Sigurðssyni og Ingibjörgu Einarsdóttur konu hans látnum (1879), tekið til sín nokkuð af bréfum eða skjölum úr dánarbúi þeirra, og ef svo reynist, þá að gera gangskör að því, að öllu slíku verði skilað Íslandi svo fljótt sem verða má.

Þannig samþykkt í neðri deild alþingis 15. marz 1909.  
Hannes Þorsteinsson

/Bjarni Jónsson frá Vogu.